

Reykjavík, 14. apríl 2021

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda - Þingskjal 1082 - 625. mál.

Frá Braga Leifi Haukssyni tölvunarfræðingi

bragihauksson@gmail.com

s. 864-2273

Ágætu þingnefndarmenn, aðrir þingmenn og lesendur allir.

Þegar drög að þessu frumvarpi voru sett í samráðsgátt sendi ég inn umsögn og gerði m.a. alvarlegar athugasemdir við ef krefjast ætti notkunar á rafrænum skilríkjum til innskráningar í stafrænt pósthólf. Þessu hefur ekki verið svarað með neinum hætti og í samráðsgáttinni er sagt að niðurstöður samráðs hafi verið í vinnslu frá 7. desember, en ekkert bólar á niðurstöðu. Í greinargerð með frumvarpinu sem nú hefur verið lagt fram er nefnt að drög hafi farið í samráð og athugasemdir verið skoðaðar, en m.a. áhyggjuefni mínu er engu svarað.

Ég hef um árabíl komið að þróun og rekstri þeirra kerfa sem hér um ræðir. Almennt finnst mér alltaf besta sjónarhornið að skoða þetta út frá því sem hentar viðskiptavininum (borgaranum eða lögaðilanum) best. Mín reynsla er sú að þannig endar maður með lausnina sem

hentar öllum best (win – win). Hér á eftir fer ég yfir nokkur atriði sem tengjast þessu frumvarpi. Ég er boðinn og búinn að aðstoða þingnefndina, þingmenn og nefndarsvið við að bæta frumvarpið og auka skilning.

1. Það væri stórslys ef búin yrði til STAFRÆN GJÁ (digital divide) með því að krefjast rafrænna skilríkja til aðgangs að pósthólfinu!! Innskráningarþjónusta Ísland.is er nýtt af hundruðum þjónustuveitenda með góðum árangri. Þar er boðið upp á innskráningu á vefi í krafti Íslykils, styrkts Íslykils og rafrænna skilríkja. Hver þjónustuveitandi ákveður hvaða kröfur hann gerir til innskráningar hjá sér. Þorri þjónustuveitenda veitir aðgang að sinni þjónustu í krafti Íslykils, en örfáir aðilar gera kröfu um styrktan Íslykil eða rafræn skilríki. Eins er það með pósthólfið, þar ákveða birtingaraðilar hvaða kröfur eru gerðar til auðkenningar svo veita megri aðgang að sendingu. Nær allir birtingaraðilar gera bara kröfu um Íslykil. Ég man eftir einum birtingaraðila sem gerir kröfu um rafræn skilríki til að aðgangur sé veittur að skjölum hans í pósthólfinu. Sá aðili veitir hins vegar aðgang að sömu gögnum á vef sínum með einföldu lykilorði. Ef bara er gerð krafa um Íslykil, þá kemst fólk auðvitað líka inn á styrktum Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Ef skilja á frumvarpið sem svo að gera eigi kröfu um rafræn skilríki í öllum tilvikum, þá er það STÓRSLYS. Ágætt er að rifja upp að fyrir mörgum árum var gerð tilraun til að „þröngva“ þjóðinni til þess að fara að nýta rafræn skilríki á debetkortum. Það var algjört fíasko. Rafræn skilríki í sínum eru auðvitað mun notendavænni, en henta alls ekki öllum. Í stjórnslunni er gjarna hamrað á því að meðalhófs skuli gætt og ekki settar upp áþarfa hindranir fyrir fólk. Hérna er einmitt gott að hafa það í huga. Áherslan á að vera á það að veita góða þjónustu og mæta viðskiptavininum þar sem það hentar honum. Borgarinn í öndvegi. Þjónusta, þjónusta, þjónusta og aftur þjónusta! Af hverju er ekki rétt að gera alls staðar kröfu um rafræn skilríki?

Það eru margar ástæður fyrir því. Með því að gera alltaf kröfu um rafræn skilríki, þá missum við alltaf einhverja fyrir borð, sem ekki treysta sér til þess að nota rafræn skilríki. Vilji menn gera meiri kröfur en bara Íslykil, þá er styrktur Íslykill mjög góður kostur og sambærilegur við varaleið bankanna inn í heimabanka. Bankarnir gera miklar kröfur um öryggi og því ágætt að líta til þess hvað þeir telja að veiti gott öryggi.

Ég mæli alls ekki með að þeir sem þurfa mikla aðstoð við sín tölvumál fái sér rafræn skilríki. Rafræn skilríki eru hættulega öflug, eins og bent hefur verið á í annarri umsögn. Fíkniefnafíklar og spilafíklar finnast því miður í mörgum fjölskyldum og sjúkleikinn getur valdið stórfelldu fjárhagslegu tjóni hjá viðkvæmum handhafa rafrænna skilríkja, svo dæmi sé tekið. Það er mikilvægt að í lagatextanum verði skýrt og skorinort að aðrar leiðir en auðkenning með rafrænum skilríkjum bjóðist, eins og verið hefur.

Í stað “Einstaklingur og fulltrúi lögaðila hefur aðgang að eigin pósthólfi í miðlægri þjónustugátt með rafrænni auðkenningu sem metin er fullnægjandi til sannvottunar samkvæmt lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.” í 3. grein gæti komið “Einstaklingur og fulltrúi lögaðila hefur aðgang að eigin pósthólfi í miðlægri þjónustugátt með rafrænni auðkenningu sem metin er fullnægjandi til sannvottunar svo sem rafræn skilríki eða tveggja þátta auðkenning (lykilorð og styrkingarkóði). Lykilorðið eitt væri líka nægjanlegt ef birtingaraðili metur það svo.”

2. Í greinargerð með frumvarpinu er eftirfarandi hluti af textanum Um 7. gr. “Þá munu birtingaraðilar ekki fá upplýsingar um hvenær einstaklingar og lögaðilar lesa hvern og einn póst, enda væri það óhóflegt inngríp hvað persónuvernd varðar.” Þetta er rangt! Þegar ég sendi inn umsögn um frumvarpsdrögin í samráðsgáttinni lýsti ég hvernig pósthólfið virkaði og það hefði átt að koma í veg fyrir svona slysalegan texta. Ég sagði: “Högun

pósthólfinsins er mjög nútímaleg og upplýsingar um skjal eru sendar í pósthólfið, en skjalið/sendingin sjálf ekki afhent fyrr en viðtakandi vill opna hana. Þannig veit viðkomandi birtingaraðili nákvæmlega hvenær sendingin hefur verið opnuð. Þar með veit birtingaraðili auðvitað líka ef sendingin hefur ekki verið opnuð.” Þessi högun hefur marga kosti og eykur möguleika á að veita góða þjónustu, t.d. ef mikilvægt skjal hefur ekki verið opnað! Þá má nefna að Danir safna öllum skjölum saman á einn stað, en hjá okkur eru skjölin geymd hjá birtingaraðila þar til viðtakandi kallar eftir þeim. Skjölin eru aldrei vistuð í pósthólfinu! Aðeins upplýsingar um skjölin eru geymdar í pósthólfinu. Því eru mun minni líkur á stórum gagnaleka. Í fyrri umsögn sagði ég einnig: “Það hefur lengi verið mikilvægt að setja í lög að birting í pósthólfi á Ísland.is hafi sömu réttaráhrif og birtingar sem tilgreindar kunna að vera í lagatexta. Þetta er því gleðilegt og löngu tímabært. Það sem ég hnýt hins vegar um er að það eru lagðar alls kyns kvaðir á viðtakanda sendingar, en litlar á birtingaraðilann.” Nokkru síðar sagði ég: “Birtingaraðili getur óskað eftir að hnippi sé í viðtakanda þegar hann á sendingu. Ef um „mikilvægar“ sendingar er að ræða er því eðlilegt að birtingaraðili geri fleiri en eina tilraun til þess að vekja athygli viðtakanda á sendingunni, en bíði ekki bara eftir því að hann sitji í súpunni. Þetta gæti verið með SMS hnippi og jafnvel ef allt annað þrýtur, með póstsendingu. Frumvarpsdrögin gera birtingaraðila allt of stikkfrí á sama tíma og viðtakandinn verður strax að vera á tánum. Birtingaraðilar fá hins vegar fjögurra ára aðlögunartíma!”

3. Gleymum ekki að viðskiptavinir opinberra stofnana eru öll þjóðin, ekki bara hip og kúl lið!

Bragi L. Hauksson, tölvunarfræðingur

bragihauksson@gmail.com

s. 864-2273